



Akureyrarbaer

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 6. maí 2021
2021041561 / 01-615

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða, 750. mál

Bæjarráð Akureyrarbæjar hefur á fundi sínum þann 6. maí 2021 gert eftirfarandi bókun:

Lagt fram til kynningar erindi dagsett 29. apríl 2021 frá utanríkismálanefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða, 750. mál 2021.

Bæjarráð Akureyrarbæjar fagnar því að í stefnu Íslands í málefnum norðurslóða komi fram að efla eigi Akureyri enn frekar sem miðstöð norðurslóðamála á Íslandi, m.a. með stuðningi við mennta- og rannsóknastofnanir og þekkingarsetur, og efla innlent samráð og samstarf um málefni norðurslóða.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd bæjarstjóra

Elva Björk Einarsdóttir
sérfræðingur á skjalasafni





Reykjavík, 10.maí 2021

Sendandi: Ásdís Ólafsdóttir
F.h. Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle

Umsögn vegna tillaga til þingsályktunar

Mál 750: Stefna Íslands í málefnum Norðurslóða

Mál 751: Um aukið samstarf Grænlands og Íslands

Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle vill koma á framfæri almennri ánægju sinni gagnvart ofangreindum stjórnartillögum til þingsályktunar. Tillögurnar eru í heild sinni réttar og sterkar og munu styrkja stöðu Íslands í málefnum Norðurslóða til muna.

M.t.t. máls 751, um aukið samstarf Grænlands og Íslands, þá hefur Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle verið í gegnum árin það sem Grænlendingar hafa kosið sem sinn aðalvettvang til framsetningar á grænlenskum sjónarmiðum og stefnum fyrir hinu alþjóðlega umhverfi. Pátttaka Grænlands í árlegum Píngum Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle hefur ávallt verið umtalsverð og telur til fulltrúa vísindasamfélagsins, háskóla, ríkisstjórnar og viðskiptalífs. Í opnunaráthöfn Píngs Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle árið 2019 flutti þáverandi forsætisráðherra Grænlands, Kim Kielsen áhrifamikla ræðu við frábæran orðstír sem undirstrikaði vilja Grænlands til aukins alþjóðlegs samstarfs, sér í lagi á svíði efnahags og viðskiptatækifæra. Árið 2016 hélt Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle, í samstarfi við ríkisstjórn Grænlands, ráðstefnu um efnahagsleg tækifæri Grænlands. Var ráðstefnan sí stærsta sinnar tegundar sem haldin hafði verið á Grænlandi. Önnur slík ráðstefna verður haldin í samstarfi við grænlensku ríkisstjórnina og samstarfsaðila Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle um leið og aðstæður tengdar heimsfaraldri kórónuveirunnar leyfa.

M.t.t. máls 750, um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða, þá vill Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle koma athugasemdum um framsetningu á texta um Hringborðið til skila.

Í málsgreininni þar sem fjallað er um Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle þá er lagt til að textinn verði endurskrifaður úr:

Hringborð norðurslóða (Arctic Circle) hefur frá 2013 þróast í að verða einn helsti opni umræðuvettvangurinn um málefni svæðisins. Árleg þing þess í Höru í Reykjavík hafa að jafnaði verið sótt af rúmlega tvö þúsund gestum víðs vegar að, jafnt ráðamönnum, fræðafólki og fulltrúum grásrótarsamtaka og atvinnulífs. Auk þess hefur Hringborðið haldið fjölmenn málþing og ráðstefnur víða um heim. Í því skyni að treysta til



framtíðar stoðirnar undir starf Hringborðs norðurslóða er hafinn undirbúningur að stofnun norðurslóðaseturs á Íslandi, sem kennt yrði við Ólaf Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseta Íslands og hvatamann að stofnun þess.

Í eftifarandi:

Hringborð Norðurslóða - Arctic Circle hefur frá 2013 þróast í að verða stærsti alþjóðlegi opni umræðuvettvangurinn um málefni svæðisins. Árleg þing þess í Hörpu í Reykjavík hafa að jafnaði verið sótt af rúmlega tvö þúsund gestum frá allt að 70 löndum, jafnt ráðamönnum, fræðafólki og fulltrúum grásrotarsamtaka og atvinnulífs. Auk þess hefur Hringborðið haldið fjölmenn málþing og ráðstefnur víða um heim. Í því skyni að treysta til framtíðar stoðirnar undir starf Hringborðs Norðurslóða er hafinn undirbúningur að stofnun norðurslóðaseturs á Íslandi, sem kennt yrði við Ólaf Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseta Íslands og hvatamann að stofnun þess.

Með þökkum fyrir mikilvægt starf í þágu Íslands,

F.h. Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle,

Ásdís Ólafsdóttir

Ásdís Ólafsdóttir
Framkvæmdastjóri Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal 1273 — 750. mál.

Stjórnartillaga.

Umsögn Háskóla Íslands vegna tillögu til þingsályktunar um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða

Háskóli Íslands er stærsti háskóli landsins og leiðandi í rannsóknum á ýmsum sviðum sem snerta norðurslóðir. Háskólinn leggur áherslu á gæði í rannsóknum og starfrækir fjölda undirstofnana og rannsóknasetra sem stunda meðal annars rannsóknir sem tengjast norðurslóðum og norðurheimskautssvæðinu. Er umsögn háskólans mótuð af mikilli og langri reynslu háskólans á sviði norðurslóðarannsókna.

Háskóli Íslands vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdu

16. Að styrkja stöðu og ímynd Íslands sem norðurslóðaríkis með því að byggja upp innlenda þekkingu og sérhæfingu í málefnum norðurslóða, og efla miðstöðvar mennta, vísinda og umræðu

Háskóli Íslands fagnar tillögu til þingsályktunar um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða og þeirri áherslu sem lögð er á að efla norðurslóðarannsóknir innanlands og styðja við aukið alþjóðlegt vísindasamstarf á þessu sviði. Þegar kemur að alþjóðlegu vísindasamstarfi er mikilvægt að þekkingarsamfélagið á Íslandi vinni saman sem heild til að nýta sem best þá þekkingu og reynslu sem til staðar er. Háskóli Íslands er stærsti háskóli landsins en við háskólan starfa fræðimenn á öllum þeim fræðasviðum sem mikilvægt er að komi að vísindastarfi í tengslum við þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir á Norðurslóðum. Styrkleiki háskólans felst ekki síst í öflugu þverfræðilegu rannsóknarumhverfi og sterkri stöðu háskólans varðandi þátttöku í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og alþjóðasamstarfi. Háskóli Íslands leggur því áherslu á að til að efla rannsóknir á sviði norðurslóða og nýta niðurstöður vísindarannsókna sem best hér á landi er mikilvægt að allir háskólar landsins komi að borðinu og vinni saman. Lítið land þarf á öllu sínu góða fólk að halda og Háskóli Íslands fagnar því aukna samstarfi sem hefur verið á sviði norðurslóðamála á milli allra íslensku háskólanna, sem sést meðal annars með samstarfi þeirra um að skipuleggja saman vísindaráðstefnu UArctic sem fer fram í Háskóla Íslands dagana 15. til 18. maí næstkomandi. Telur Háskóli Íslands að hér hafi verið stigið stórt skref í átt að aukinni samvinnu í norðurslóðamálum á milli landshluta og að á því beri að byggja til framtíðar.

17. Að styðja við alþjóðlegt vísindasamstarf á norðurslóðum og auðvelda miðlun á niðurstöðum vísindarannsókna, og að efla innlent rannsóknarstarf, m.a. með því að móta rannsóknaáætlun um norðurslóðir

Háskóli Íslands fagnar því að norðurslóðarannsóknum verði gert hátt undir höfði með mótu rannsóknaáætlunar um norðurslóðir. Málefni norðurslóða eru að verða æ meira aðkallandi.

Verkefnin sem samfélög framtíðarinnar standa frammi fyrir eru krefjandi og kalla á framsýnar lausnir, öflugt samstarf og víðtæka þáttöku fræðasamfélagsins, ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila.

Háskóli Íslands hefur markað sér skýra stefnu þegar kemur að því að byggja upp innlenda þekkingu og sérhæfingu á málefnum norðurslóða. Við Háskóla Íslands er starfrækt Rannsóknasetur um norðurslóðir sem hefur lagt metnað sinn í að stuðla að þverfræðilegum rannsóknum í samstarfi við aðrar innlendar og erlendar fræðastofnanir og því að miðla niðurstöðum rannsókna með útgáfu, opnum fundum og ráðstefnum tengdum norðurslóðum. Við háskólann starfar fjöldi fræðimanna á svíði náttúruvísinda, félagsvísinda og hugvísinda sem leggur stund á kennslu og rannsóknir á svíði norðurslóða. Þverfræðileg nálgun viðfangsefnisins er því til staðar í Háskóla Íslands, sem er forsenda þess að hægt sé að fylla um helstu áskoranir norðurslóða á heildrænan hátt. Til þess að auka áhuga ungra fræðimanna á málefnum norðurslóða hefur háskólinn boðið upp á nám með áherslu á norðurslóðir, þar má meðal annars nefna meistaránám í umhverfis- og auðlindafræði með áherslu á norðurslóðir og nýtt nám stjórnmálafræðinnar með áherslu á norðurslóðir sem hefst haustið 2021.

18. Að byggja á árangri Hringborðs norðurslóða og skapa því umgjörð til framtíðar með því að koma á fót sjálfseignarstofnun um norðurslóðasetur á Íslandi

Háskóli Íslands fagnar því að koma eigi á fót sjálfseignarstofnun um norðurslóðasetur í Reykjavík. Háskólinn hefur lengi verið í góðu samstarfi við Hringborð Norðurslóða bædi þegar kemur að aðstoð við skipulagningu, þáttöku í ráðstefnunni og með sérstökum námskeiðum tengdum Hringborði Norðurslóða. Háskóli Íslands hlakkar til frekara samstarfs um uppbyggingu og þróun hins nýja seturs sem fundinn hefur verið staður á háskólasvæði Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni. Þessi staðsetning tryggir nýju setri gott aðgengi að helstu rannsóknarstofnunum landsins eins og Hafrannsóknastofnun, MATÍS, Jarðvísindastofnun, Veðurstofu Íslands og Landhelgisgæslunni. Norðurslóðasetur í Reykjavík mun efla og styðja við samstarf við rannsóknastofnanir og þekkingarsetur um land allt sem stunda norðurslóðarannsóknir.

19. Að efla Akureyri enn frekar sem miðstöð norðurslóðamála á Íslandi, m.a. með stuðningi við mennta- og rannsóknastofnanir og þekkingarsetur, og efla innlent samráð og samstarf um málefni norðurslóða

Háskóli Íslands fagnar öllum hugmyndum um eflingu norðurslóðarannsókna og innlent samráð á því svíði. Mikilvægt er þó að hafa í huga að málefni norðurskautsins eru aðkallandi og hagsmunir Íslands af hagfelldri þróun á svæðinu eru mjög miklir. Þar af leiðandi er mikilvægt að leggja áherslu á að landið allt tilheyrir norðurslóðum.

Utanríkismálanefnd Alþingis
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík

Akureyri, 11.5.2021
Tilv.: 2105024

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða.

Utanríkismálanefnd Alþingis sendi Háskólanum á Akureyri til umsagnar tillögu til þingsályktunar um um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða, þingskjal 1273 — 750. mál.

Háskólinn á Akureyri vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við eftirfarandi áhersluþætti:

16. Að styrkja stöðu og ímynd Íslands sem norðurslóðaríkis með því að byggja upp innlenda þekkingu og sérhæfingu í málefnum norðurslóða, og efla miðstöðvar mennta, vísinda og umræðu.

Háskólinn á Akureyri hefur um langt skeið staðið fyrir námi og rannsóknum í málefnum norðurslóða og frá upphafi átt gott samstarf við aðra háskóla á norðlægum svæðum, sem fást við svipuð vandamál og við er að etja hér á landi. Má þar meðal annarra nefna Háskólann í Lapplandi í Rovaniemi, Háskólann í Oulu, Háskólann í Tromsö, og Háskólann í Alaska, Fairbanks.

Til að byrja með þekktist varla að háskólar hér á landi legðu markvisst áherslu á málefni norðurslóða, og var því um nýung að ræða hér á landi, sem takmarkaður skilningur var á.

Árið 2001 var Háskólinn á Akureyri, ásamt Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, einn af stofnendum Háskóla norðurslóða – University of the Arctic, með nokkrum öðrum háskólum og rannsóknastofnunum á norðlægum slóðum. Í dag standa yfir 200 háskóla- og rannsóknastofnanir, ásamt samtökum frumbyggja, að samtökunum, fyrst og fremst frá þeim átta löndum sem aðild eiga að Norðurskautsráðinu.

Nám og kennsla í norðurslóðafræðum við Háskólann á Akureyri tekur mið af aðstæðum jaðarbyggða norðursins, þar sem sérstaklega eru skoðuð félagsleg, hagræn og menningarleg atriði varðandi þróun á norðurslóðum í samhengi við hnattvæðingu, umhverfisbreytingar, auðlindanýtingu, atvinnu- og byggðamál, mannaud og sjálfbærni.

Vaxandi mikilvægi norðurslóða í alþjóðasamskiptum og almennri þjóðfélagsumræðu hefur dregið fram mikilvægi þessarar fræðigreinar og fjölmargar aðrar stofnanir samfélagsins leggja nú áherslu á norðurslóðamál í sinni starfsemi.

Í framhaldsnámi í heimskautarétti til meistaragráðu, sem hófst haustið 2008, er lögð áhersla á þau svið alþjóðalaga og landsréttar sem tengjast heimskautsvæðunum. Í tengslum við meistaránámið hefur frá 2008 verið efnt til alþjóðlegrar ráðstefnu, *The Annual Polar Law Symposium*. Ráðstefnuerindi eru gefin út í árbók, *The Yearbook of Polar Law*, af mikilsvirtu alþjóðlegu forlagi.

Árið 2011 var komið á fót stöðu rannsóknaprófessors í norðurslóðafræðum við Háskólan á Akureyri, svokallaðri Nansensstöðu. Var það gert með stuðningi norskra stjórvalda og utanríkisráðuneytis Íslands.

Á þessari undirstöðu hefur byggst upp öflugt fræðasamfélag háskóla- og rannsóknastofnana, sem oft er kennt við Borgir, rannsókna- og nýsköpunarhús við Háskólan á Akureyri. Á Borgum starfar fjöldi sérfræðinga sem sinnir ólíkum hliðum sjálfbærni og samfélags- og umhverfisbreytinga á norðurslóðum. Árangur þessa margþætta starfs síðustu ár er eftirtektarverður og mikilvægur. Til að styrkja stöðu og ímynd Íslands sem norðurslóðaríkis enn frekar er mikilvægt að efla þessa starfsemi og veita jafnframt fé til rannsókna á málefnum samfélaga á norðurslóðum, bæði í gegnum samkeppnissjóði sem og í gegnum sértæka sjóði sem tengjast breytingum á norðurslóðum vegna loftslagsbreytinga.

17. Að styðja við alþjóðlegt vísindasamstarf á norðurslóðum og auðvelda miðlun á niðurstöðum vísindarannsókna, og að efla innlent rannsóknarstarf, m.a. með því að móta rannsóknaáætlun um norðurslóðir.

Háskólinn á Akureyri tekur undir mikilvægi þess að styðja við alþjóðlegt vísindasamstarf á norðurslóðum og efla innlent rannsóknarstarf, m.a. með því að móta rannsóknaáætlun um norðurslóðir. Fyrir íbúa á norðurslóðum eru norðurslóðarannsóknir forgangsmál, einkum og sér í lagi rannsóknir þar sem samspli manns og náttúru í heimi örra breytinga er í forgrunni. Slíkar rannsóknir og þróunarstarf er nauðsynlegt að framkvæma í öflugu alþjóðlegu samstarfi, þar sem horft er til samfélagslegra og hagrænna þátta, í þeirri viðleitni að ná markmiðum um sjálfbæra þróun. Þá er einnig áriðandi að efla vísinda- og fræðastarf ungs fræðafólks, og þjálfa þannig nýja kynslóð rannsakenda á sviði norðurslóða.


Þegar innlend rannsóknaáætlun er undirbúin er mikilvægt að horfa heildsætt á málefni norðursins og byggja á reynslu þess fólks sem býr á norðlægum slóðum. Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á að rannsóknir á norðurslóðum séu í þágu íbúa á norðursvæðum, fyrir bætt lífsgæði þeirra. Háskólinn á Akureyri telur það jafnframt tilvalið hlutverk fyrir Norðurslóðanet Íslands að leiða og samhæfa, á landsvísu, þá samráðsvinnu sem nauðsynlegt er að fari af stað í þessu samhengi, og þá undir merkjum Norðurslóðamiðstöðvar Íslands.

19. Að efla Akureyri enn frekar sem miðstöð norðurslóðamála á Íslandi, m.a. með stuðningi við mennta- og rannsóknastofnanir og þekkingarsetur, og efla innlent samráð og samstarf um málefni norðurslóða.

Háskólinn á Akureyri fagnar því að í stefnu Íslands í málefnum norðurslóða komi fram, að efla eigi Akureyri enn frekar sem miðstöð norðurslóðamála á Íslandi, m.a. með stuðningi við mennta- og rannsóknastofnanir og þekkingarsetur, og efla innlent samráð og samstarf um málefni norðurslóða. Uppbygging norðurslóðafræða við Háskólan á Akureyri hefur hingað til ekki verið fjármögnuð með beinum framlögum frá ríkinu, þó að um nýsköpun væri að ræða meðal íslenskra háskóla. Fyrir áframhaldandi uppbyggingu náms og rannsókna í norðurslóðafræðum væri eðlilegt að renna styrkum fjárhagslegum stoðum undir norðurslóðaáherslur skólans með beinum fjárfamlögum af fjárlögum til Háskólans á Akureyri vegna málaflokkssins.

Háskólinn á Akureyri tekur undir greinargerð þingsályktunartillögunnar að hér á Íslandi hefur gefið góða raun að byggja upp miðstöð á Akureyri þar sem ná má fram samlegðaráhrifum. Reynslan hefur þegar sýnt okkur, að þær stofnanir sem eru staðsettar á Akureyri, hafa haft töluverðan ávinning af nálægðinni hver við aðra. Sterk miðstöð málefna norðurslóða á Íslandi mun tvímælalaust styrkja og styðja við það margvíslega starf sem fram fer víða um land og tengist norðurslóðum.

Virðingarfyllst,



Eyjólfur Guðmundsson, rektor.



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

**Utanríkismálanefnd
Alþingi við Austurvöll**

Reykjavík 17. maí 2021

Tillaga til þingályktunar: Stefna Íslands í málefnum norðurslóða

750. mál, þingsályktunartillaga utanríkisráðherra

Náttúruverndarsamtök Íslands fagna þessari þingsályktunartillögu um stefnu Íslands í málefnum Norðurslóða. Tillagan er mikilbót frá fyrri þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi árið 2011.

Náttúruverndarsamtokin lýsa einkum ánægju sinni með 8. lið þingsályktunartillögunnar þar sem segir:

8. Að leggja áherslu á að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis á norðurslóðum, þar á meðal hætta brennslu svartolíu í siglingum, að bæta aðgengi að endurnýjanlegum orkugjöfum og efla aðgerðir sem tryggja orkuskipti.

Til skamms tíma er bann við bruna og flutningi svartolíu á Norðurslóðum ein öflugasta og fljótvirkasta loftslagsaðgerðin sem hægt er að grípa til. Annars vegar vegna þess að sótagnir sem losna út í andrúmsloftið hafa mikinn hlýnunarmátt þar eð sótið dekkir ís og jöklar og hraða þannig bráðnum. Hins böginn eru loftslagasáhrif sóts tiltölulega skammvinn og því getur svartolíubann frestað breytingum vegna hlýnunar á Norðurslóðum um ein 20 ár. Það er því til mikils að vinna.

Beri slys að höndum er nær vonlaust að hreinsa svartolíu úr hafinu. Þá ber einnig að hafa í huga slæm áhrif sóts á heilsufar fólks.

Svartolíubann

Frá árinu 2011 hefur svartolía verið bönnuð sunnan 66. breiddargráðu samkvæmt ákvörðun Alþjóða-siglingamálastofnunarinnar. Mun tregar hefur gengið að fá slíkt bann samþykkt á Norðurslóðum. Meðal annars vegna skorts á samstöðu í Norðurskautsráðinu þar sem Íslendingar gegna nú formennsku. Fyrst og fremst eru það Rússar sem standa í vegin fyrir banni.

Í nóvember 2020 – einum áratug eftir að Norðurskautsráðið fyrst ákvað að olíuslys væru helsta ógnin sem stafaði frá skipaumferð – samþykkti Alþjóðasiglingamála-stofnunin loks bann við flutningi og bruna svartolíu á Norðurslóðum frá og með 2024 en vegna undanþágnar

og undantekninga gæti bruni svartolíu haldið áfram aukast til ársins 2029. Á árunum 2015 - 2019 hefur losun sótagna frá siglingum um Norðurslóðir aukist um 72% frá skipum sem brenna svartolíu og um 85% frá öllum skipum sem sigla um Norðurslóðir

Nýverið kynnti Noregur tillögu um að banna svartolíu algerlega við Svalbarða. Verði tillagan samþykkt verður ekki einungis bannað að skip brenni svartolíu heldur verður einnig bannað að skip hafi svartolíu innanborðs. Þar með gætu til dæmis skemmtiferðaskip sem brenna svartolíu ekki siglt til Svalbarða og slökkt á svartolíukötlunum á meðan heimsókninni stendur.

Tillaga norskra stjórvalda gengur mun lengra en sí reglugerðarbrevting sem umhverfisráðherra undirritaði fyrir ári og segir jafngilda banni við svartolíu innan 12 mílna landhelgi Íslands. Munurinn felst í því að innan íslensku landhelginnar geta skip áfram siglt með og brennt svartolíu ef þau „nota viðurkenndar aðferðir“ til að draga úr losun, sbr. 12. gr.“.

Í greinargerð segir:

Brýnt er að vinna gegn mengunarógn í norðurhöfum, svo sem af völdum olíuleka, eiturefna, geislavirkra efna eða plastúrgangs. Ef olía lekur í hafið á norðurslóðum getur hún setið í langan tíma í umhverfinu og valdið miklum skaða á lífríki þar sem hún brotnar mjög hægt niður, auk þess sem hafis, kului og slæm veðurskilyrði geta torveldað hreinsun. Notkun svartolíu í skipasiglingum á norðurslóðum er sérstakt áhyggjuefn. Ekki er aðeins mjög erfitt að hreinsa upp svartolíu ef mengunarslys verður á hafi heldur losnar meira af sóti og mengunarefnum út í andrúmsloftið við brennslu hennar en annarra olíutegunda. Sótengun í andrúmslofti ógnar heilsu manna og sótagnir sem setjast á ísbreiður hraða auk þess hlýnun með því að draga í sig varma og flýta bráðnun. Í aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum er kveðið á um að kröfur um eldsneytisnotkun í íslenskri landhelgi verði áfram hertar til að draga úr notkun svartolíu og tók reglugerð þess efnis gildi í byrjun árs 2020. Mikilvægt er að norðurskautsríkin leggist á eitt um markvissar aðgerðir til að draga úr og á endanum banna brennslu og flutning svartolíu í norðurhöfum, og beiti sér í þá veru á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Leggja þarf áherslu á vistvæn orkuskipti í samgöngum jafnt á sjó, landi og í lofti.

Frá árinu 2011 hefur svartolía verið bönnuð sunnan 66. breiddargráðu samkvæmt ákvörðun Alþjóða-siglingamálastofnunarinnar. Mun tregar hefur gengið að fá slíkt bann samþykkt á Norðurslóðum. Meðal annars vegna skorts á samstöðu í Norðurskautsráðinu þar sem Íslendingar gegna nú formennsku. Fyrst og fremst eru það Rússar sem standa í vofi fyrir banni.¹

¹ Almenn sátt ríkir um að minni og einöngruð samfélög á Norðurslóðum sem eiga einskis annars úrkosti en að brenna svartolíu sér til lífsviðurværис verði undanþegin banni.

Sjá í viðhengi bréf Náttúruverndarsamtaka Íslands til umhverfisráðherra, dags. 9. nóvember sl. Bendum einkum á áform norskra stjórvalda um að banna svartolíu við Svalbarða. Slíkt bann myndi ganga mun lengra en sú reglugerð sem umhverfisráðherra undirritaði í desember 2019.


Sjá einnig í viðhengi stutt yfirlit um vísindin, yfirlýsingar utanríkisráðherra Norðurskautsráðsins 2013 og 2015 og ályktun Norðurlandaráðs um bann við svartolíu. Ennfremur um starf Náttúruverndarsamtakanna með High Seas Alliance.

Sjá loks viðhengi greinargerð Bryans Comers o.fl. frá september 2020 um tregðu eða viljaleysi Alþjóðasiglingamála-stofnunarinnar (IMO) til að banna svartolíu á Norðurslóðum. Í niðurstöðum segir:

We found that, had the proposed HFO ban been in place in 2019, exemptions and waivers would have allowed as much as 70% of HFO carriage and 84% of HFO use to remain in the Arctic. Put the other way, the proposed HFO ban, as written, is expected to ban only 30% of HFO carriage and 16% of HFO use. In this case, BC emissions would be reduced by only 5%.

Afar mikilvægt er að Alþingi álykti um mikilvægi þess að bruni og flutningur á svartolíu á Norðurslóðum verði bannaður hið fyrsta. Ennfremur, að samþykkt verði ályktun á næsta ráðherrafundi Norðurskautsráðsins, þegar Ísland lýkur formennsku í ráðinu í vor og Rússland tekur við; ályktun sem myndi sterkelega enduróma í sölum IMO í London.

Virðingarfyllst,
f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands



Árni Finnsson



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Umhverfisráðherra
Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Skuggasundi
101 Reykjavík.

Reykjavík 9. nóvember 2020

Ískyggileg þróun á Norðurslóðum

Á Norðurslóðum hafa nú orðið breytingar sem ekki hafa sést áður. Sífellt verður brýnna að grípa til aðgerða sem minnka þar áhrif mannsins og efla verndun umhverfisins. Til skamms tíma er öflugasta aðgerðin sem hægt er að grípa til sú að banna algjörlega bruna og flutning á svartolíu. Hana er afar erfitt að hreinsa úr hafinu ef slys ber að höndum og svartolíunotkun hraðar mjög bráðnun íss og jöklar með útblæstri sótagna við bruna.

Náttúruverndarsamtök Íslands benda á [frétti](#) frá norska umhverfis- og loftslagsráðuneytinu um áform norskra stjórvalda um að banna skipum að sem sigla til Svalbarða að brenna svartolíu. Gangi þessi áform norskra stjórvalda er gengið lengra en gert var með [reglugerðarbrevtigu](#) um hertar kröfur varðandi eldsneyti í íslenskri landhelgi og kölluð hefur verið bann við notkun svartolíu innan landhelgi Íslands.

Frá árinu 2011 hefur svartolía verið bönnuð sunnan 66. breiddargráðu.

Til að vernda Norðurslóðir lögðu Finnland, Holland, Ísland, Noregur, Nýja Sjáland, Svíþjóð og Þýskaland fram tillögu árið 2018 þess efnis að Alþjóða-siglingamálstofnunin (IMO) bannaði notkun og flutninga á svartolíu um Norðurslóðir („Arctic waters“). Í tillögu ríkjanna, á skjal MEPC 72/11/1, segir að „a single HFO¹ spill could have devastating and lasting effects on fragile Arctic marine and coastal environments“.

Hinn 18. nóvember nk. ætlar Alþjóða-siglingamálstofnunin að fjalla um drög að reglugerð sem ætlað er að banna bæði bruna svartolíu sem eldsneytis og flutninga með svartolíu á Norðurslóðum – en reglugerðardrögin eru afar veikburða. Þau verður að styrkja.

Rannsóknir sýna að eins og drögin eru nú gætu 74% skipa sem brenna svartolíu á Norðurslóðum haldið áfram eins og ekkert hefði í skorist. Þar af leiðandi mundu flutningar með svartolíu einungis minnka um 30% og samdráttur í bruna svartolíu sem eldsneytis mundi

¹ HFO, skammstöfun fyrir Heavy Fuel Oil, svartolia.

einungis dragast saman um 16% þegar reglugerðin tekur gildi árið 2024 miðað við árið 2019. Samdráttur í losun sótagna (e. black carbon) yrði ekki meiri en 5%.

Gefur auga leið að fyrirriggjandi drög koma ekki að miklu gagni.

Fyrirsjáanlegt er að á tímabilinu 2024–2029, frá því bannið tekur gildi. aukist enn bruni svartolíu og svartolíumagn sem flutt er um Norðurslóðir.

Þá er að athuga að eins og drögin eru orðuð nú verður umhverfisvernd og eftirfylgni á Norðurslóðum tvískipt þar eð skip sem sigla undir fána Bandaríkjanna, Kanada, Noregs, Danmerkur og Rússlands – ríkjanna sem eiga land að norðurskautinu – verða undanþegin banninu þar eð skip skráð í strandríkjunum fimm geta fengið undanþágu frá því.

Á fundi nefndar IMO um verndun hafssins (e. Marine Environmental Protection Committee) sem haldinn verður síðar í þessum mánuði hafa aðildarríkin tækifæri til að leggja fram breytingartillögur við reglugerðardrögin; að gera þau ákveðnari og skýrari áður en reglugerðin verður endanlega samþykkt.

Með því að fella niður eða takmarka undanþágur er líklegra að bannið við svartolíu á Norðurslóðum hafi tilætluð áhrif, líkt og ofannefnd tillaga Íslands og fleiri ríkja fólk í sér.


Náttúruverndarsamtök Íslands telja afar brýnt að hraða mjög allri vinnu á vettvangi IMO til að draga úr losun sóts (black carbon) við bruna svartolíu.

Í millitíðinni ætti IMO að vinna að ályktun um losun sóts frá bruna svartolíu sem hvetur til aðgerða þar til bannið tekur gildi.

Náttúruverndarsamtök Íslands skora á umhverfisráðherra að gera allt sem í hans valdi stendur innan IMO, í samstarfi við aðrað þjóðir, til að hreinsa hvers kyns undanþágur í þeim drögum sem MEPC mun fjalla um í næstu vikur. Drögin eru óviðunandi.

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,



Árni Finnssonⁱⁱ

ⁱ Sjá einnig hér: <https://thebarentsobserver.com/en/arctic/2020/11/ban-heavy-fuel-oil-coming-all-svalbard>

ⁱⁱ MEPC 72 was a turning point for the discussion since a group of Arctic and non-Arctic states (Finland, Iceland, Norway, Sweden, the United States, together with Germany, the Netherlands, and New Zealand) jointly

proposed a mandatory ban on HFO use as fuel in Arctic shipping and urged MEPC to consider an appropriate timeline (IMO 2018b). In light of the implementation of a global sulphur limit of 0.50% by 2020 (IMO 2016h), it was recommended that the HFO ban commence by the end of 2021, which would encourage switching to marine distillate fuels. While Canada and Marshall Islands felt the objectives of the ban were consistent with their desire to protect the Arctic, they argued that the impacts on Arctic communities and economics should be taken into account when developing HFO measures (IMO 2018c). NGOs supported the mandatory ban and further sought clarity in the definition of HFO and the geographical area of the ban (IMO 2018d, 2018e).³ The Russian Federation proposed several measures, other than a ban on HFO use as fuel, including navigational measures, ship operational measures, infrastructure and communication, emergency preparedness and early detection of oil spills, and training (IMO 2018f). It viewed the ban as significantly impacting maritime trade and negatively affecting the balance between economic development and environmental protection (IMO 2018g). In summary, MEPC 72 approved PPR's continued work to develop a definition of HFO taking into account Regulation 43 of MARPOL Annex 1, prepare guidelines on mitigation measures to reduce risks identified by the Russian Federation, and develop a ban on HFO for use and carriage as fuel by ships in Arctic waters within a rational timeline and premised on an impact assessment (IMO 2018h). MEPC was advised to develop an appropriate impact assessment methodology to enable the PPR to proceed with this work.

The Regulation of Heavy Fuel Oil in Arctic Shipping: Interests, Measures, and Impacts

Authors: Jiayu BaicAldo Chircopc

Open Access

Chapter

First Online: 12 August 2020

https://link.springer.com/chapter/10.1007/978-3-030-44975-9_14



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Reykjavík, 18. júní 2020

Bann við bruna svartolíu

Talið er að lækkun í 0,1% brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti dragi úr losun sóts vegna bruna svartolíu um 50%. Aðalatriðið er að ekkert eftirlit er með hvort skip brenni svartolíu innan 12 mílna landhelgi Íslands. Sennilega brenna þau áfram svartolíu utan landhelgi.

Sjá til fróðleiks nýlega [grein eftir Mario Molina](#),¹ Veerabhadran Ramanthan og Durwood J. Zaelke. Í grein þremenninganna segir:

Consequently, it is time for fast climate mitigation, especially in the form of reductions of the short-lived so-called “super-pollutants”—black carbon, methane, tropospheric ozone, and hydrofluorocarbons, abbreviated as HFCs. (Black carbon is the sooty, dark material emitted by coal-fired power plants, gas and diesel engines, and other sources. Its heat-trapping power is twice what was thought only a few years ago, [a report](#) in the Journal of Geophysical Research found.) Speed must become the key measure of all climate mitigation strategies: a speedy reduction of global warming before it leads to further, self-reinforcing climate change feedbacks and [tipping points](#); a speedy deployment of mitigation actions and technologies; and getting this all up to scale in a speedy manner.

Undirstrikanir eru mínar.

Í [ráðherrayfirlýsingu Norðurskautsráðsins](#)² frá 15. maí, 2013 segir að ráðherrarnir viðurkenni að

... reduction of short-lived climate forcers could slow Arctic and global climate change and have positive effects on health, and welcome the report on short lived climate forcers and support its recommendations including that national black carbon emission inventories for the Arctic should continue to be developed and reported as a matter of priority,

Urge the Parties to the Montreal Protocol on Substances that Deplete the Ozone Layer to take action as soon as possible, complementary to the UNFCCC, to phase-down the production and consumption of hydrofluorocarbons, which contribute to the warming of the Arctic region,

Decide to establish a Task Force to develop arrangements on actions to achieve enhanced black carbon and methane emission reductions in the Arctic, and report at the next Ministerial meeting in 2015.

Þá segir í [yfirlýsingu utanríkisráðherra Norðurskautsráðsins](#) (23. og 24. grein), að loknum fundi þeirra í Iqualut, Kanada, hinn 24. apríl 2015, að þeir

¹ Mario Molina hlaut Nóbelsverðlaunin í efnafræði árið 1995 vegna rannsókna sinna á ósonlaginu.

² Kirunayfirlýsingin.

Welcome the assessments and conclusions on black carbon, tropospheric ozone and methane which provide a clear and compelling basis for further action on shortlived climate forcers in the Arctic and beyond, as well as the successful work related to reducing black carbon emissions from diesel and residential wood combustion.

Decide to implement the Framework for Action on Enhanced Black Carbon and Methane Emissions reductions, establish an expert group reporting to Senior Arctic Officials to report on our collective progress, and call upon observer states to join us in these actions given the global nature of the challenge.

Loks má geta [ályktunar Norðurlandaráðs](#)fundarins í Helsinki 2. nóvember 2017, þar sem segir:

Nordisk råd rekommanderer de nordiske regjeringene

- å fremme sikkerheten i sårbare havområder langs de arktiske kystene, i seilrutene under nasjonal jurisdiksjon, til eksempel ved å definere seilingsleder, adskille motgående trafikk og redusere hastigheten,
- å arbeide sammen innenfor IMO ved kommende revisjon av den gjeldende Polar Code, for å styrke sjøfartsikkerheten i Arktis,
- å arbeide for et forbud mot anvendelse av tungolje (HFO) i arktisk skipsfart, og på sikt,
- å stille krav om at drivstoff, som anvendes i arktisk skipsfart ved utslipp ikke er skadelig for det marine miljø,
- å kartlegge redningsressursene i de arktiske kystområder de nordiske land har ansvar for, samt behovet for å styrke redningsressursene, og undersøke om, og i så fall hvordan, den kommersielle skipstrafikken i området kan bidra til å finansiere kostnader ved å styrke redningskapasiteten.

Það best ég veit hefur Norræna ráðherranefndin hefur ekki brugðist við þessari ályktun Norðurlandaráðs.

Þá má geta áform um [rafvæðingu hafna](#) sem fela í sér sölu á raforku til stórra skemmtiferðaskipa sem sum hver brenna olíu á við orkuþörf sveitarfélags með 5000 íbúa og [losa á örfinn brennisteinssvifryk³](#) á við þrjú til fimmþúsund bíla.

Faxaflóahafnir hafa á undanförnum árum boðið landtengingar fyrir báta og minni skip. Þetta verkefni markar þau tímamót að einnig verður hægt að tengja stór skip við landrafmagn í höfnum. Á næstu árum áformá *Faxaflóahafnir* að héfja landtengingar fyrir skemmtiferðaskip, en bygging dreifistöðvar Veitna við Sægarða er forsenda þess verkefnis.

Þessi áform um rafvæðing hafna hafa vakið athygli erlendis enda [brýnn málaflokkur⁴](#) og

³ Sjá viðtal við Kåre Press-Kristensen sem hingað kom á vegum Clean Arctic Alliance.

⁴ Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Þórdís Kolbrún Reykjörð Gylfadóttir svarar fyrirspurn á Alþingi 10. Desember 2018.

mikilvægur liður í að uppfylla loftslagsskuldbindingar og markmið okkar um orkuskipti. á hafi.


Náttúruverndarsamtök Íslands vinna með regnhlífarsamtökunum [Clean Arctic Alliance](#)⁵ sem hafa sett sér það markmið að bruni og flutningar á svartolíu verðir bannaðir á norðurslóðum ([Polar Code](#)⁶) sem unnið er að á vettvangi IMO.

Sunnan 66° hefur bruni og flutningar á svartolíu þegar verið bannaðir.

Náttúruverndarsamtök Íslands og Clean Arctic hvetja íslensk stjórnvöld til að beita sér einnig fyrir svartolíubanni á vettvangi Norðurskautsráðsins enda ljóst að samstaða aðildarríkjanna 8 er mikilvæg forsenda þess að samstaða náist á vettvangi IMO og – vonum við – um bann við svartolíu innan 200 mílna efnahagslögsögu Íslands og Grænlands.

Alþjóðasamfélagið hefur brugðist við og hvetur til aðgerða gegn skammlífum gróðurhúsalofftegundum enda til mikils að vinna. Íslendingar geta nýtt formennsku sína á vettvangi Norðurskautsráðsins og á vettvangi Alþjóða-siglingamálastofnunarinnar (IMO) í samvinnu við og samstöðum með hinum aðildarríkjum Norðurskautsráðsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Náttúruverndarsamata Íslands,



Árni Finnsson

⁵ Upplýsingar á íslensku fylgja hlekknum.

⁶ Sjá upplýsingar frá IMO.



WHITE PAPER

SEPTEMBER 2020

THE INTERNATIONAL MARITIME ORGANIZATION'S PROPOSED ARCTIC HEAVY FUEL OIL BAN: LIKELY IMPACTS AND OPPORTUNITIES FOR IMPROVEMENT

Bryan Comer, PhD, Liudmila Osipova, PhD, Elise Georgeff, and Xiaoli Mao



www.theicct.org

communications@theicct.org

[@theicct](https://twitter.com/theicct)

ACKNOWLEDGMENTS

Thank you to the Pisces Foundation for funding this work. Automatic identification system data were provided by exactEarth and ship characteristics data by IHS Markit. Thank you, as well, to our colleagues Jennifer Callahan and Dan Rutherford for reviewing earlier drafts of this analysis.

International Council on Clean Transportation
1500 K Street NW, Suite 650,
Washington, DC 20005

communications@theicct.org | www.theicct.org | @TheICCT

© 2020 International Council on Clean Transportation

TABLE OF CONTENTS

| | |
|--|-----------|
| Executive Summary..... | iv |
| Introduction..... | 1 |
| Background..... | 2 |
| Methods..... | 5 |
| Estimating HFO carriage, HFO use, and BC emissions..... | 5 |
| Exemptions | 5 |
| Waivers..... | 6 |
| Alternatives..... | 6 |
| Results | 7 |
| Trends in HFO carriage and use and BC emissions from 2015 to 2019 | 7 |
| Effects of the proposed HFO ban | 10 |
| Alternatives to the proposed ban | 17 |
| Conclusions..... | 23 |
| References | 24 |
| Appendix A. Proposed HFO Ban | 26 |
| Appendix B. Exemptions..... | 27 |
| Appendix C. HFO carriage by ship type and flag state..... | 29 |
| Appendix D. Maps of HFO used by oil tankers, general cargo ships, bulk carriers, and cruise ships in 2019..... | 30 |
| Appendix E. HFO carriage and use exempt, waived, or banned within each country's Arctic waters under the proposed HFO ban compared to the alternatives..... | 33 |

LIST OF TABLES

| | |
|--|---|
| Table 1. Definition of internal waters, territorial seas, and Exclusive Economic Zone..... | 4 |
| Table 2. Types of exemptions and waivers modeled under the alternatives and how they compare to the proposed HFO ban..... | 6 |

LIST OF FIGURES

| | |
|--|----|
| Figure ES1. How different combinations of exemptions and waivers affect HFO carriage, HFO use, and BC emissions in the Arctic..... | v |
| Figure 1. Arctic waters, as described in the IMO Polar Code..... | 4 |
| Figure 2. Trends in HFO and black carbon for 2015, 2017, and 2019..... | 7 |
| Figure 3. Black carbon emissions from Arctic shipping (all fuels) in 2019..... | 8 |
| Figure 4. Share of ships, fuel carriage, fuel use, and black carbon emissions by fuel type in 2019.... | 9 |
| Figure 5. HFO use by ship type in 2015, 2017, and 2019 in the Arctic for ships that used more than 10 thousand tonnes | 9 |
| Figure 6. HFO carriage used by ships in the Arctic in 2019..... | 10 |
| Figure 7. HFO used in the Arctic by month in 2019..... | 10 |
| Figure 8. Amount of HFO carriage, HFO use, and BC emissions remaining or eliminated as a consequence of the proposed HFO ban..... | 11 |
| Figure 9. Fuel use by ship type in 2019. | 12 |
| Figure 10. Share of fuel use by fuel type for each ship type in 2019..... | 12 |
| Figure 11. HFO use that would have been exempt, waived, or banned in the Arctic under the IMO's proposed HFO ban had it been implemented in 2019, by ship type..... | 13 |
| Figure 12. Fuel use by flag state in 2019 (top 15 by HFO use). | 15 |
| Figure 13. Share of fuel use by fuel type for each flag state in 2019 (top 15 by HFO use). | 15 |
| Figure 14. HFO use that would have been exempt, waived, or banned in the Arctic under the IMO's proposed HFO ban had it been implemented in 2019, by flag state..... | 16 |
| Figure 15. Heavy fuel oil carriage that would be exempt, waived, or banned in the Arctic under the IMO's proposed HFO ban compared to alternatives. | 18 |
| Figure 16. Heavy fuel oil use that would be exempt, waived, or banned in the Arctic under the IMO's proposed HFO ban compared to alternatives. | 18 |
| Figure 17. Potential BC reductions under the proposed HFO ban compared to the alternatives, based on 2019 Arctic BC emissions. | 19 |
| Figure 18. Consequences of different combinations of exemptions and waivers on HFO carriage, HFO use, and BC emissions..... | 19 |
| Figure 19. HFO use that would have been allowed under the proposed ban, had it been in place in 2019..... | 20 |
| Figure 20. HFO use that would have been allowed if the ban had been in place in 2019, did not allow exemptions, and only allowed waivers in internal waters and territorial seas..... | 21 |
| Figure 21. HFO use that would have been allowed if the ban had been in place in 2019 and only allowed exemptions..... | 22 |

| | |
|--|----|
| Figure C1. HFO carriage that would have been exempt, waived, or banned in the Arctic under the IMO's proposed HFO ban had it been implemented in 2019, by ship type..... | 29 |
| Figure C2. HFO carriage that would have been exempt, waived, or banned in the Arctic under the IMO's proposed HFO ban had it been implemented in 2019, by flag state..... | 29 |
| Figure D1. Oil tanker HFO use in the Arctic in 2019..... | 30 |
| Figure D2. General cargo HFO use in the Arctic in 2019..... | 31 |
| Figure D3. Bulk carrier HFO use in the Arctic in 2019..... | 31 |
| Figure D4. Cruise ship HFO use in the Arctic in 2019..... | 32 |
| Figure E1. HFO carried within each country's Arctic waters (IW, TS, and EEZ) by ships of any flag, 2019..... | 33 |
| Figure E2. HFO carriage that would be exempt, waived, or banned in Russian waters (IW, TS, and EEZ) under the IMO's proposed HFO ban compared to alternatives..... | 34 |
| Figure E3. HFO carriage that would be exempt, waived, or banned in Danish (Greenlandic) waters (IW, TS, and EEZ) under the IMO's proposed HFO ban compared to alternatives..... | 34 |
| Figure E4. HFO carriage that would be exempt, waived, or banned in Canadian waters (IW, TS, and EEZ) under the IMO's proposed HFO ban compared to alternatives..... | 34 |
| Figure E5. HFO carriage that would be exempt, waived, or banned in Norwegian (Svalbard and Jan Mayen) waters (IW, TS, and EEZ) under the IMO's proposed HFO ban compared to alternatives..... | 35 |
| Figure E6. HFO carriage that would be exempt, waived, or banned in U.S. waters (IW, TS, and EEZ) under the IMO's proposed HFO ban compared to alternatives..... | 35 |
| Figure E7. HFO used within each country's Arctic waters (IW, TS, and EEZ) by ships of any flag, 2019..... | 36 |
| Figure E8. HFO use that would be exempt, waived, or banned in Russian waters (IW, TS, and EEZ) under the IMO's proposed HFO ban compared to alternatives..... | 36 |
| Figure E9. HFO use that would be exempt, waived, or banned in Danish (Greenlandic) waters (IW, TS, and EEZ) under the IMO's proposed HFO ban compared to alternatives..... | 37 |
| Figure E10. HFO use that would be exempt, waived, or banned in Canadian waters (IW, TS, and EEZ) under the IMO's proposed HFO ban compared to alternatives..... | 37 |
| Figure E11. HFO use that would be exempt, waived, or banned in Norwegian (Svalbard and Jan Mayen) waters (IW, TS, and EEZ) under the IMO's proposed HFO ban compared to alternatives..... | 38 |
| Figure E12. HFO use that would be exempt, waived, or banned in U.S. waters (IW, TS, and EEZ) under the IMO's proposed HFO ban compared to alternatives..... | 38 |

EXECUTIVE SUMMARY

Heavy fuel oil (HFO) is the bottom-of-the-barrel leftovers from the oil refining process. When spilled in a body of water, it can be nearly impossible to completely clean up, and burning it emits more climate-warming black carbon (BC) than other fuels. Its use and carriage has been banned in Antarctic waters since 2011. Recognizing the need to also protect the Arctic from the risks of HFO, in 2018, Finland, Germany, Iceland, the Netherlands, New Zealand, Norway, Sweden, and the United States proposed that the International Maritime Organization (IMO) ban the use and carriage for use of HFO in Arctic waters at the 72nd session of the IMO Marine Environment Protection Committee (MEPC). Their proposal, contained in document MEPC 72/11/1, stated that “a single HFO spill could have devastating and lasting effects on fragile Arctic marine and coastal environments” (Finland et al., 2018, p.2).

